



# Dómkirkjan í Reykjavík auglýsir lausa stöðu

# dómorganista

Dómkirkjan í Reykjavík hefur verið vettvangur mikilvægra atburða í lífi íslensku þjóðarinnar, einstaklinga, fjölskyldna og samfélags. Við þingsetningar ganga alþingismenn til Dómkirkjunnar og hlýða á guðspjónustu og eins við embættistöku forseta Íslands. Dómkirkjan er kirkja biskups Íslands, sem vinnur þar mörg embættisverk sín og jafnframt er Dómkirkjan sóknarkirkja, áður fyrr allra Reykvíkinga en nú gamla Vesturbæjarins og næstu hverfa til austurs.

## Starfssvið:

- Hljóðfæraleikur og kórstjórn við messur og annað helgihald, bæði safnaðarins og biskups, þ.m.t. prestsvígslur.
- Umsjón með kórástarfi Dómkirkjunnar.
- Stuðningur við annað safnaðarstarf Dómkirkjunnar.

## Hæfniskröfur:

- Að lágmarki kantorspróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar en háskólapróf í kirkjutónlist æskilegt.
- Reynsla af flutningi tónlistar við helgihald.
- Góð reynsla af kórstjórn.
- Fagleg framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 16. apríl 2025.**

Staðan er veitt frá 1. júlí 2025 eða eftir samkomulagi. Um er að ræða fullt starf.

Launakjör eru skv. kjarasamningi Félags íslenskra organista (FÍÓ Organistadeildar FÍH) og launanevndar Þjóðkirkjunnar.

Umsóknum skal senda rafrænt til [eg@egillarnason.is](mailto:eg@egillarnason.is) og [sveinn@domkirkjan.is](mailto:sveinn@domkirkjan.is)

Með umsókn þarf að skila:  
Ferilskrá - Prófskírteini - Meðmælum.

Frekari upplýsingar um starfið veita Einar S. Gottskálfsson formaður sóknarnefndar í síma 821 1400, [eg@egillarnason.is](mailto:eg@egillarnason.is) og Sveinn Valgeirsson sóknarprestur í síma 862 5467, [sveinn@domkirkjan.is](mailto:sveinn@domkirkjan.is).